

# FUNDARGERÐ

## BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**626. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 30. nóvember 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Málefni fatlaðra. Fram lögð tillaga sveitarstjóra og félagsmálastjóra.
2. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
3. Ársreikningur Félagsheimilisins Hvammstanga 2008.
4. Erindi Landgræðslu ríkisins.
5. Bréf Menningarráðs Norðurlands vestra.
6. Drög að umsögn til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.
7. Fjárhagsáætlun sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2010.

### Afgreiðslur:

1. Sveitarstjóri og félagsmálastjóri lögðu fram eftirfarandi tillögu um skipulagsbreytingu á stjórnun Iðju, vinnustaðs fatlaðra á Hvammstanga: „Tillaga undirritaðra er að deildarstjóra Iðju, verði tilkynnt um breytt starfssvið þannig að frá og með 1. júní 2010 verði hún starfsmaður Iðju án stjórnunarabyrgðar og þiggi laun skv. kjarasamningi SGS og Launanevndar sveitarfélaga frá þeim tíma. Frá sama tíma færist umsjón með rekstri Iðju undir starfssvið forstöðumanns sambýlis, án breytinga á launakjörum hans.“ Byggðarráð samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að koma henni til framkvæmda.
2. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir tilboð sem bárust í 1. áfanga að byggingu vaðlaugar við Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra. Eftirfarandi tilboð bárust:  
Frá Tveimur smiðum ehf. kr. 9.143.217-  
Frá Reynd að smíða ehf. kr. 9.125.210-  
Kostnaðaráætlun hönnuðar er kr. 6.000.000-  
Byggðarráð samþykkir að fela tæknideild að taka upp viðræður um verkið við Reynd að smíða ehf.
3. Fram lagður til kynningar Ársreikningur Félagsheimilisins Hvammstanga fyrir árið 2008.
4. Fram lagt erindi Landgræðslu ríkisins þar sem óskað er eftir fjárstyrk frá sveitarfélaginu til verkefnisins „Bændur græða landið“. Byggðarráð hafnar erindinu.
5. Fram lagt bréf Menningarráðs Norðurlands vestra. Í bréfinu er gerð grein fyrir endurnýjun menningarsamninga og gerð fjárhagsáætlunar ársins 2010. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2010.
6. Farið yfir drög að umsögn til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um endurskoðun jarða og ábúðarlaga.

7. Farið yfir drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2010. Samþykkt að vísa fjárhagsáætluninni til fyrri umræðu í sveitarstjórn þann 10. desember nk.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Kristinn Guðmundsson er mættur til viðræðna við byggðarráð um atriði er tengjast m.a. sorpeyðingu og sorphirðu hjá Staðarskála og Staðarflöt, snjómokstri og girðingum með vegkafla í botni Hrútafjarðar sem áður var þjóðvegur. Einnig var rætt um skipulagsmál í botni Hrútafjarðar.
9. Byggðarráð samþykkir að festa kaup á bifreið. Kaupverð er kr. 2.450.000- og kemur sú fjárhæð til lækkunar á eigin fé á árinu 2009. Bifreiðarkaupunum er ætlað að draga úr rekstrarkostnaði v/ aksturs starfsmanna, stjórnenda og kjörinna sveitarstjórnarmanna og leiða til hagræðingar og sparnaðar.

Fundagerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:00

Elín R. Líndal(sign.),  
Heimir Ágústsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),  
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).